

1864.
30. júní.

hegningarvinnu þá, er hann hefir verið dæmdur til. Þær hafð, herra stiptamtmaður, í þessu efni látið í ljósi það álit yðar, að eptir kansellíbræfi 22. d. septemberm. 1840 beri að greiða fè þetta úr jafnaðarsjóði hlutaðeiganda umdæmis (hær norður- og austurumdæmisins), en Havstein amtmaður heldur þar á móti, að kostnað þenna beri að greiða úr ríkissjóðnum án endurgjalds, og styður hann það álit sitt við konungsúrskurði dagsetta 17. aprílm. 1789 og 25. septemberm. 1816, kansellírbref 10. marzm. 1821 og rentukammerbréf til norður- og austuramtsins, dags. 8. janúarm. 1842, og við venju þá, sem á síðari tímum hafi tíðk-
azt, þegar sakamenn hafa verið sendir úr greindu amti til að þola hegningarvinnu.

Um leið og dómsmálastjórnin getur þess, að konungs-
úrskurðir þeir og stjórnarráðabréf, sem Havstein amtmaður hefir til vitnað, snerta einungis flutning sakamanna frá Íslandi til hegningarvinnuhúsa í Danmörku, og eiga því ekki við það tilfelli, sem hér er fyrir hendi, þarsem ágreiningur er um kostnað við flutning sakamanns á Íslandi, skal yður um þetta efni kunngjört, að samkvæmt því, sem ákveðið var um áþekkt mál-
efni í bræfi frá hinu fyrrveranda konunglega danska kansellí til norður- og austuramtsins, dagsettu 2. dag októberm. 1841, ber að greiða áðurgreindan kostnað við flutning sakamanns-
ins Guðlaugs Þórðarsonar á sama hátt og hinn kostnaðinn við sakamál hans, og þessvegna borga hann úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins að því leyti, sem hann ekki getur fengizt hjá sakamanninum.

Stjórnarráðið hefir í dag kunngjört amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu þenna úrskurð sinn, honum til athug-
unar.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldfrest á láni til Álptanes hrepps.

30. júní.

Þær hafð, herra stiptamtmaður, í bræfi dags. 2. d. aprílm.

1864.

30. júní.

Þ. á. skýrt frá, að þér hafið boðið sýslumanninum í Gullbringu sýslu að hlutast til um, að sveitarstjórnin í Álptanes hrepp borgaði inni jarðabókarsjóðinn það, sem áskilið hafði verið að borga ætti uppí kornlán það, hér um bil 1000 rd. að upphæð, er sveit þessari hafði verið veitt, og einnig vöxtu af skuldinni, en embættismaður þessi hafi farið þess á leit, að fresta mætti borgun lánsins, ef ekki gæti fengizt full uppgjöf á því, þareð sveitin, að minnsta kosti nú sem stendur, sé öldungis ófær til að greiða neitt upp í skuldina; hafið þér sagt rétt vera það, er Clausen sýslumaður hefir tekið fram um fátækt hreppsins, og lagt það til, að sveitinni verði veittur hæfilegur frestur með borgun skuldarinnar, en þar á móti er, að yðar áliti, ekki næg ástæða til að veita henni frest með borgunina á vöxtunum.

Um leið og dómsmálastjórnin getur þess, að hún gjörir ráð fyrir, að skuld sú, hér um bil 1000 rd. að upphæð, sem hér er um rætt, sé andvirðið fyrir þann hlutann, er Álptanes hreppur hlaut af korni því, er keypt var fyrir fé það, er samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar, dags. 12. d. septembermán. 1861, var greitt úr jarðabókarsjóði Íslands og seinna endurgoldið rikissjóðnum úr hinum íslenzka styrktarsjóði¹, en ekki sé átt við annað lán jafnmikið, er veitt hafði verið úr ríkissjóðnum, skal yður hérmeð kunnngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að vegna þess, hvernig ástatt er, veitist leyfi til, að greindur hreppur fái frest til loka yfirstandanda árs með að borga það, sem áskilið var að greiða skyldi uppí skuld þessa, með því skilyrði, að greiddir sæu vextir þeir, sem áfallnir eru af skuldinni, en með fyrstu póstferð næsta ár vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um ástandið.

Einnig skal skorað á yður, herra stiptamtmaður, að senda stjórnarráðinu reikning með skilríkjum yfir þann hlutann, er eptir bréfi yðar, dags. 18. dag marzm. 1862, var veittur ýmsu öðrum sveitum í suðurumdæminu af láni því, sem hér er um rætt.

¹) Fé þetta var alls 4055 rd. 95 sk. að upphæð.